

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um landvörslu.

Frá Orra Páli Jóhannssyni.

1. Hversu margar voru landvörsluvikur á árunum 2014–2016?
2. Hver var fjöldi heilsársstöðugilda við þær stofnanir hins opinbera sem sinna landvörslu á árunum 2014–2016?
3. Hefur landvarsla haldist í hendur við aukinn fjölda ferðamanna síðastliðin þrjú ár?
4. Hvernig er þörf á landvörslu metin hjá ráðuneytinu, stofnunum þess og sveitarfélögum?
5. Hversu mikið fjármagn var lagt í landvörslu hvert ár 2014–2016, skipt eftir stofnunum, friðlýstum svæðum og meginstarfsstöðvum þjóðgarða?

Skriflegt svar óskast.